



**Ræða  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
í hátíðarkvöldverði  
til heiðurs forseta Eistlands  
Lennart Meri og frú Helle Meri  
Bessastöðum  
14. september 1999**

Virðulegi forseti Eistlands  
Lennart Meri og frú Helle Meri  
Heiðruðu hátíðargestir

Í kvöld fögnum við á Bessastöðum tignum og kærum gestum sem við Íslendingar höfum lengi dáð og teljum með stolti og virðingu til okkar bestu vina.

Á ögurstundum í sjálfstæðisbaráttu Eista var Íslendingum einnig heitt í hamsi. Í hugum okkar og hjörtum bjó ríkur og samstilltur vilji til að rétta ykkur hjálparhönd.

Heimsókn yðar nú virðulegi forseti er vinaþjóð ekki aðeins fagnaðarefni, hún er sigurhátíð og þakkargjörð til allra þeirra sem fórnir færðu til að land yðar yrði frjálst á ný.

Fyrr í dag komuð þér í hið sögufræga hús Höfða þar sem stjórn málasamband Íslands og Eistlands var innsiglað í ágúst 1991 með undirskrift yðar. Sá atburður markaði ekki aðeins kaflaskil í sjálfstæðisbaráttu þjóðar yðar heldur einnig í mótun þeirrar heimsmýndar sem leysti kalda stríðið af hólmi.

Virðulegi forseti Lennart Meri.

Hin sögulega stund í Höfða fyrir átta árum verður hluti af minningum þjóða okkar um ókomna daga. Við fögnum yður nú ekki aðeins sem fyrsta forseta frjáls og sjálfstæðs Eistlands sem sækir Ísland heim heldur líka sem hetju í baráttunni fyrir lýðræði og mannréttindum. Við hyllum forseta Eistlands hér á helgum stað íslenskrar þjóðar. En við hyllum einnig manninn Lennart Meri, leiðtogann sem varðveitti hugsjónaeldinn á tímum áþjáunar og erfiðleika, brautryðjandann sem með atorku, áræðni og fórnfýsi átti svo ríkan þátt í að gera draum Eista um sjálfstæði að veruleika.

Við vonum að heimsókn yðar og frú Helle Meri muni veita yður innsýn í reynslu okkar Íslendinga og árangur við að móta samfélag sem byggir á jöfnuði, velferð og rétti hvers og eins til menntunar, heilbrigðis og lækninga.

Við Íslendingar höfum á undanförunum áratugum lagt grundvöll að framförum og farsæld en okkar dýrustu helgidómar verða ávallt þau verðmæti sem fólgin eru í menningu okkar og listum og því lýðræði sem felst í víðtækum áhrifum á stjórn þjóðfélagsins og þeirri arfleifð sem tryggir okkur frjálst og opið samfélag.

Ég minnst orða yðar í heimsókn okkar Guðrúnar Katrínar til Eistlands þegar þér ítrekuðuð mikilvægi smáþjóða á alþjóðlegum vettvangi og hvöttuð til þess að saman myndum við kappkosta að miðla veröldinni af reynslu okkar og lærdómi.

Samvinna Eista og Íslendinga, norrænna frændþjóða og nýfrjálsra ríkja við Eystrasalt, hefur á þeim áratug sem senn er á enda staðfest orð yðar á margvíslegan hátt. Ríkin átta njóta nú í aðdraganda nýrrar aldar formlegra tengsla og víðtækrar samstöðu sem nýtast mun okkur, Evrópu og heiminum öllum í umróti nýrra tíma.

Bræðralagsböndin sem Norðurlönd og Eystrasaltsríkin hafa treyst á undanförunum árum eru orðin gildur þáttur í mótun nýrrar Evrópu og saman höfum við rík áhrif á ákvarðanir um nýja skipan öryggismála og efnahagslegrar samvinnu í álfunni allri.

Við Íslendingar höfum ávallt ítrekað rétt Eystrasaltsríkjanna til aðildar að Atlantshafsbandalaginu og fögnum þeim áfanga sem náðist á leiðtogafundi bandalagsins í Washington á liðnu vori.

Við vonum að samningar Eistlands og Evrópusambandsins skili árangri innan tíðar og samvinna Eista og Íslendinga á sviði verzlunar og

viðskipta, fjárfestinga og efnahagslegra framfara muni í kjölfarið eflast enn frekar innan vébanda Evrópska efnahagssvæðisins.

Hin nýju svæðasambönd í Norður Evrópu – Baltneska ráðið, Barentsráðið og Heimsskautsráðið – hafa veitt Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum margvísleg tækifæri til að hafa forystu um mótun nýrrar stefnu í málefnum norðurslóða og leitt Bandaríkin, Kanada og Rússland til farsællar þátttöku við lausn brýnna viðfangsefna í okkar heimshluta. Starf þessara nýju svæðasambanda hefur sýnt að hægt er að ná árangri með samræðum og samvinnu á sama tíma og þróunin sunnar á meginlandi Evrópu hefur því miður endurspeglad hatrömm átök, ófrið og aðför að mannréttindum og lýðræði.

Harmsaga þeirra svæða sem fyrrum mynduðu Sambandsríki Júgóslavíu og styrjöldin fyrr á þessu ári, fórnardauði þúsunda og áþján flóttafólks, eru áminning um það hve erfiðlega getur gengið að festa rætur lýðræðis og mannréttinda – en hún vekur okkur jafnframt til umhugsunar um hve glæsilegur og afgerandi árangur hinna nýfrjálsu sjálfstæðu ríkja Norður-Evrópu hefur verið frá því að þau brutust undan oki Sovétvaldsins.

Í þeirri þróun er hlutur yðar virðulegi forseti viðamikill og víðtækur og öll íslenska þjóðin dáir yður og virðir fyrir það einstæða og sögulega framlag.

Það er einlæg von mín að heimsóknin nú verði yður og frú Helle Meri í senn ánægjuleg og fróðleg og varpi ljósi á tækifærin sem þjóðum okkar bjóðast til enn nánari samvinnu; ekki aðeins á vettvangi viðskipta og efnahags heldur einnig í listum, vísindum og íþróttum.

Þér munið heimsækja Akranes á morgun, bæ sjávarútvegs og iðnaðar þar sem nýir skólar og íþróttahús sýna á hvern hátt við Íslendingar ætlum að takast á við framtíðina. En Akranes er einnig heimabær eins öflugasta fótballaliðs okkar Íslendinga. Þaðan komu leikmennirnir sem gerðu garðinn frægan á mínum æskuárum og þangað hafið þið Eistar sótt frábæran þjálfara sem leitt hefur landslið ykkar til sigurs, sönnun þess að samvinna okkar er jafnt í leik sem og í keppni.

Við munum einnig leitast við að gefa yður næstu daga tækifæri til að njóta íslenskrar náttúru, kynnast einstæðum kostum íslenska hestsins á

ferð um hraunbreiður og óbyggðir og ganga á hólmi við laxinn sem birtist með ögrandi stökki í straumharðri á.

Landið og þjóðin munu heilsa yður og hylla og þakka þá vináttu og virðingu sem þér hafið jafnan sýnt Íslendingum.

Ég bið virðulega gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs Lennart Meri forseta Eistlands og frú Helle Meri og fagna um leið ævarandi tryggðarböndum þjóða okkar.